

Umsögn frá Páli Jakob Líndal, barst Skipulagsstofnun í tölvupósti 8. janúar 2021.

Meðfylgjandi eru athugasemdir mínar við tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

1. Skýrara orðalag í aðgerð 7.0.1

Í aðgerð 7.0.1 Skipulag í þágu Lýðheilsu segir: "Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði **leitast við** að skapa heilnæmt umhverfi sem hvetur til hollra lífshátta og veitir möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta."

Að mínu mati er orðalagið "leitast við" of vægt ef horft er til mikilvægs heilnæms umhverfis fyrir fólk. Ég legg því til að skerpt verði á orðalaginu t.d. með eftirfarandi hætti: " ? sveitarfélaga **verði skapað** heilnæmt ? ". Með þessum hætti rímar aðgerðin betur við upphaf málgreinar neðst á síðu 47: "Í yfirmarkmiði 7. kafla og í aðgerð 7.0.1 er lagt til að skipulagsgerð verði markvisst beitt til að stuðla að heilsu og vellíðan. Þannig verði lýðheilsa almennt sýnilegt stef í skipulagsáætlunum sveitarfélaga."

2. Séríslenskur þekkingarbrunnur/gagnabanki

Þá væri afar framsækið skref ef í landsskipulagsstefnu væri gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun hefði frumkvæði að reglu- og kerfisbundnum könnunum og/eða rannsóknum á áhrifum byggðs umhverfis og skipulags á lýðheilsu í samráði við hlutaðeigandi aðila. Með því móti mætti skapa séríslenskan þekkingarbrunn/gagnabanka um samspil þessara þátta, sem aftur mætti nýta við framtíðarskipulagsgerð.

3. Framsetning skipulagsgagna í þrívídd, þar sem slík á við

Mikilvægt er að í landsskipulagsstefnu komi fram ríkari kröfur um framsetningu skipulagsgagna sem lögð eru fram til kynningar, en nú tíðkast. Í ljósi þeirra gríðarmiklu tæknilegu framfara á síðustu árum og áratugum, hafa opnast áður óþekktir möguleikar við framsetningu skipulagsgagna, og mikilvægt er að stefnumótun stjórnvalda taki mið af slíku. Í aðgerð 7.5.1 Samráð við skipulagsgerð segir m.a.: "Beitt verði fjölbreyttum aðferðum við kynningu og samráð ? ". Í þessu sambandi væri fyllilega réttlætanlegt að ganga lengra en gert er í framlagðri greinargerð og fara fram á að skipulagsgögn séu sett fram í þrívídd, þar sem slíkt á við, enda hafa rannsóknir sýnt að slík framsetning stuðlar að auknum skilningi almennings á viðfangsefninu.

4. Sálfræðileg hugtök

Áherslu á mikilvægi staðarsjálfsmyndar (bls. 54-55) ber að fagna enda hugtakið mikilvægt þegar fjallað er um samspil fólks og umhverfis. Hins vegar vekur það athygli að hugtakið skuli eitt vera tekið út fyrir sviga, enda fleiri hugtök sem eiga í það minnsta jafn vel við í þessu samhengi, s.s. staðarvensl (place attachment), staðarkennd (sense of place), félagsauður (social capital) og sjálfstjórn (sense of control). Það væri því ekki úr vegi víkka umræðuna með því að fjalla með sambærilegum hætti um þessi hugtök.

Með góðri kveðju,

Páll Jakob Línal
dr. í umhverfissálfræði

TGJ

hönnun · ráðgjöf · rannsóknir

Tjarnargötu 4, 101 Reykjavík - Sími: 562 7750

www.tgj.is | www.telja.is | tgj@tgj.is

TGJ ehf. - kt. 680916-1360 - VSK. nr. 125885